STJÓRNARTÍÐINDI B 10 — 1975

REGLUGERÐ

um sérstakt línu- og netaveiðisvæði í Faxaflóa.

1. gr.

Frá birtingu reglugerðar þessarar til 1. júní 1975 eru allar veiðar í botnvörpu og flotvörpu óheimilar á svæði, innan lína, sem dregnar eru réttvísandi vestur frá Stafnesi og réttvísandi suður frá Malarrifsvita.

2. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála, og varða þau brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 21. mars 1975.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

Stjórnartíðindi B 10, nr. 59. Útgáfudagur 26. mars 1975.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.